

## Fundargerð

### 278. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 11. desember 2019 kl. 09<sup>00</sup>–12<sup>00</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)(fj.v) Gestur: Guðrún Ragnarsdóttir (GR) Strategía  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.) Ása Hauksdóttir (AH) Úrvs.  
Hlíðar Þór Hreinsson (HPH) Íris Gunnarsdóttir (ÍG) Úrvs.  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)  
Lúðvík Gústafsson (LG) vm (BGH)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

*Samþykkt*

#### 2. Úrvinnslusjóður

Lagðir voru fram á fundinum minnispunktar frá fundi með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu haldinn 22. nóvember 2019.

Lagðir voru fram póstar og samanburðarskjöl frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu vegna lagabreytinga í tengslum við hringrásarpakkann og einnota plasthluti. LHG fór yfir helstu atriði er snúa að Úrvinnslusjóði. Stjórn fór yfir samanburðarskjölin. ÓK mun koma á framfæri athugasemdum er lúta að starfsemi Úrvinnslusjóðs.

Stjórn felur ÓK að útbúa drög að bréfi stjórnar til umhverfis- og auðlindaráðherra, með bókun stjórnar frá 20. nóvember sl., þar sem óskað verði eftir því að ráðherra beiti sér fyrir því að klára afgreiðslu ársreikninga sjóðsins og að sett verði niður framtíðarsýn um rekstur úrvinnslugjaldakerfis.

#### 3. Pappaumbúðir

Stjórn hefur á fyrri fundum fjallað um erindi um erfiðari aðstæður á pappamarkaði. Lægri verð, hærri gæðakröfur og hærri kostnaður við meðhöndlun.

Farið var yfir verðþróun á markaði og endurgjald sjóðsins til þjónustuaðila.

Umræðum um breytt endurgjald verður framhaldið á næsta fundi stjórnar.

#### 4. Fundaáætlun

Ákvörðun um fyrsta fund á næsta ári og fundaáætlun fram að sumarhléi. ÓK mun senda stjórnarmönnum fundaráætlun. Stjórn hittist næst 15. janúar 2020.

#### 5. Stefnumótun

Klukkan 9:40 kemur á fund stjórnar Guðrún Ragnarsdóttir ráðgjafi sem leiðir fund með stjórn og starfsmönnum í tengslum við stefnumótun haustið 2019.

#### Önnur mál

HPH lagði fram skriflega fyrirspurn um þátttöku Úrvinnslusjóðs með Umhverfisstofnun í átaki við söfnun raftækja.

Næsti fundur 15. janúar 2020 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 12:00

*Benedikt S. Benediktsson*  
*Laufey H. Guðmundsdóttir*  
*Eygerður Margr.*  
*Konrad Ólafsson*  
*Ólafur Kjartansson*